1875
21 22an marts. vægu stigi og lækningatilraunirnar hvervetna haft góðan árangur, en jeg treysti því fullkomlega, að þjer herra amtmaður og hlutaðeigandi sýslumenn beitið öllum þeim ráðum, sem lögin heimila til að upprœta kláðann fullkomlega, áður enn fjenu í vor er sleppt undan vetrarhirðingunni, og að sjeð verði um, að fje það, sem þá enn skyldi vera grunað, verði ekki látið fara á afrjett, en að því verði haldið heima og stranglega aðskilið frá heilbrigðu fje.

22 23ðja marz *Brjef landshöfðingja* (til stiptsyfirvaldanna).

Með brjefi stiptsyfirvaldanna frá 15. þ. m. meðtók jeg bónarbrjef setts kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, Benidikts Gröndals, um 400 króna styrk úr landssjóði til þess að semja kennslubók í landafrœði lagaða eptir hinni dönsku kennslubók Erslevs, sem nú er notuð í skólanum.

Í áliti sínu um málið hefur forstjóri hins lærða skóla tekið fram, að það sje skólapiltum, einkum í hinum neðstu bekkjum, til mikillar fyrirstöðu, að þurfa að nota kennslubœkur á útlendu máli og vinna þannig 2 verk í einu, skilja bókina og nema efnið, og eruð þjer skólastjóranum samdóma í því, en álítið það tryggilegast, að beiðandanum, sem áður hefur verið veittur 300 rd. styrkur úr ríkissjóði[1] til að semja landafrœði, og þá samdi brot af landafrœði norðurálfunnar, sem var álitið óhentugt og of langort til að verða notað við skólakennslu — yrði beinlínis falið á hendur að útleggja á íslenzku hagfellda kennslubók í landafrœði, og álitið þjer kennslubók þá eptir Erslev, sem getið var og nú er almennt við höfð í dönskum skólum, til þess kjörna.

Fyrir því skal yður tjáð til athugunar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að jeg er ekki frásnúinn því að veita beiðandanum, þegar hann hefur samið þýðingu á hinni nefndu kennslubók, er þjer og forstjóri skólans látið yður lynda, og hún er prentuð á kostnað stiptsprentsmiðjunnar, 20 króna ritlaun fyrir hverja örk prentaða þó ekki fram yfir 400 krónur alls.

Embættismenn skipaðir.

Hinn 9. dag martsmánaðar veittu stiptsyfirvöldin, prestinum síra Helga Sigurðssyni á Setbergi, Mela- og Leirár-prestakall í Borgarfjarðar prófastsdœmi.

S. d. var Torfastaða prestakall í Árnessprófastsdœmi, veitt presti Staðarhraunssafnaðar, síra Jakobi Björnssyni. Í sambandi við hina venjulegu ákvörðun um, að presturinn verði að fella sig við hverja þá breytingu, sem gjörð kunni að verða við prestakallið, er í veitingarbrjefinu fyrir hinu síðarnefnda kalli tekið fram, að Skálholtssókn kunni að verða lögð til Ólafsvalla prestakalls, en Úthlíðarsókn aptur til Torfastaða kalls.

23. d. s. m. skipaði biskupinn prestinn að Sauðanesi síra Vigfús Sigurðsson til að vera prófast í Norður-Þingeyjar prófastsdœmi.

Óveitt embætti:

Setbergs prestakall í Snæfellsnesprófastsdœmi, metið 987,31 krónu, auglýst 10. marts.

Nesþing í Snæfellsnesprófastsdœmi metið 798,35 krónu, auglýst 22. marts. Í ráði er að útvega brauði þessu talsverða tekjubót.

---

1) Samanber brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar 21. ágúst 1868 í Tíðindum um stjórnarmálefni, II bls. 555–556.